


MENNING OG LISTIR



„Ég vil að fólk horfi framhjá yfirborðinu, fái myndina inn í hausinn og sökkvi sér niður í myndirnar. Þannig verður áhorfandinn innihald myndanna.“
Myndir: ÞÓK

Var eini alvöru mínimalistinn

Larry Bell segist hafa litið á sig sem eina alvöru mínimalistann. En skilgreiningar eru fyrir ungmenni. Og hann er ekkert ungmenni lengur...



Freyvangs-leikhúsið

Sýnum firna fyndinn gamanleik:

„Með vífið í lúkunum“

eftir Ray Cooney
Leikstjóri: Hákon Waage

19. sýning laugard.
5. apríl kl. 20.30

Næstsíðasta sýningarhelgi.

Miðpantanir í síma
463 1195 milli kl. 18 og 20.
Á öðrum tímum er hægt að
panta í gegnum símsvara.

Fyrir rúmum 30 árum hélt hópur listamanna sýninguna Primary Structures í New York á verkum sem síðar voru kennd við mínimalisma. Larry Bell, sem opnar sýningu á Kjarvalsstöðum í dag, var einn þeirra. Upp úr verkum þessa hóps mótaðist sú skilgreining að mínímal listmunir væru ekki einir og sér í heiminum heldur byggðist listaverkið á „heildinni“ og hvernig hún horfði við áhorfandanum. Oft hafa verk mínímalista verið ansi fjarri því sem leikmönnum gæti þótt fagurt handverk því hlutirnir hafa jafnan verið unnir í verksmiðjum án sýnilegs handbragðs listamanns og formin iðulega verið hlutlaus,

útmæld og lárétt.

Voru „meir-istar“

- Þessi sýning Primary Structures...

„Hún var fyrir löngu síðan. Ég var ungur þá.“

- Jahá, en fæddist mínímalisminn þar?

„Þú verður að spyrja listfræðing að því. En ég leit á sjálfan mig sem eina alvöru mínímalistann. Ég hugsa ekki lengur um mig þannig. Þegar maður er ungur þarf maður að skilgreina sjálfsmýnd sína. Ég kann vel við einfaldleikann í því sem mér fannst vera hugtakið mínímalismi. Mér fannst margt fólk sem var álitnið mínímalistar vera „meir-istar“. [Mínímalismiinn] snerist ekki svo mjög um það hve geometrisk verkin voru heldur hve einfaldar hugmyndirnar voru,“ segir Larry og vill ekki skilgreina mínímalismann sem útreiknuð og -pæld form heldur hvernig hægt er að kynna konsept á einfaldan hátt í ákveðnu rými.

Kannski bara brjálaður

Larry kom til að kanna rýmið á Kjarvalsstöðum fyrir um ári síðan og valdi verkin á sýninguna út frá því. „Þegar ég sá salina fannst mér þeir fullkomnir fyrir stóra gler-skúlptúra af því að rýmið er svo opið og ljósið svo fallegt.“

Gler hefur lengi verið aðalhræfni Larrys í skúlptúrum enda heillar yfirborð glers hann. „Þú getur breytt því á mjög afgerandi hátt hvernig ljósið brotnar á yfirborðinu, fellur af því eða fer í gegn. Ég lít á ljós sem minn miðil en ekki gler. Glerið er bara gott tæki til að gera tilraunir með ljós.“

Þessi stutta Íslandsdvöl varð einnig kveikjan að collage-myndaseríu sem búið er að setja upp á Kjarvalsstöðum. „Myndirnar frá Íslandi spruttu af sjálfsdáðum. Glerverkin eru líka sett inn á tilviljunarkenndan hátt,“ segir Larry og hristir hausinn þegar hann er spurður hvernig glerverkin geta verið „spontant“ fyrirbæri þegar langur vinnslutími er að baki. „Það er framsetningin sem er spontant. Ég veit ekki hvort áhorfendur munu sjá þessi tengsl. Kannski er ég bara lóa

Larry segist ekki vera neinn gáfumaður og eiga erfitt með að orða heimspeki sína í listinni. „En listamenn bera ábyrgð á því að viðhalda eins konar nautnalegri ánægju sem leyfir mönnum að skapa nýja hluti.“

brjálaður.“

Tvær stórar glerinnsetningar eru á sýningunni. Önnur er opin kassi úr fjórum glerplötum, tærar öðrum megin en verða smám saman reyk-litar sem endurspeglar ljósið.

Fólk getur gengið í gegnum kassann og upplifað hvað sem það vill og getur. Glerplötupörin eru eins en mismunandi samansett. „Í öðru horninu fer ljósið í gegn en hinum megin endurspeglast það.“

Eins og listamanna er síður vildi Larry ekki gefa upp hvaða tilfinningar kveiktu þessa innsetningu. „Áhorfendur koma og sjá eitthvað um sig sjálfa í verkunum. Það er tilfinning þeirra sem er mikilvæg ekki hvað ég upplífi.“ Þó gat hann þess að þessi glerinnsetning væri vingjarnlegri en hin. „Hin er trölslegri.“

